



Reykjavík, 6. mars 2024

VEL23120018

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### **Efni: Umsögn við tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að vangreiddar skuldir einstaklinga á íbúðakjörnum verði ekki sendar til innheimtufyrirtækja**

Þann 6. desember 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um vangreiddar leiguskuldir einstaklinga á sambýlum eða íbúðakjörnum:

*Flokkur fólksins leggur til að vangreiddar leiguskuldir einstaklinga á sambýlum eða íbúðakjörnum verði ekki sendar til Motus eða annarra kröfufyrirtækja. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að fyrst hafi leigusalinn sem er í flestum tilfellum Félagsbústaðir samband við forstöðumenn úrræðanna. Það hefur borið á því að veikir íbúar á sambýlum hafi komið sér í miklar skuldir við Motus vegna húsaleiguskulda. Þessar kröfur valda þessum einstaklingum oft miklum kvíða og gerir viðkvæma stöðu þeirra mun verri. Það þarf því að koma í veg fyrir að íbúar á sambýlum komi sér í ofurskuld hjá Motus eða öðrum kröfufyrirtækjum vegna húsaleiguskulda. Um leið og krafa er komin í Motus þá dettur skuldin út úr heimabankanum. Forstöðumenn búsetuúrræða aðstoða oft á tíðum íbúa við að greiða skuldir sínar í heimabanka. Um leið og krafa er komin í Motus þá dettur skuldin úr heimabanka og það gerir forstöðumönnum enn erfiðara fyrir að aðstoða skjólstæðinga við að greiða skuldir sínar.*

### **Umsögn**

Almennt er lítið um vanskil meðal fatlaðs fólks sem leigir hjá Félagsbústöðum. Um sl. áramót voru einungis 16 leigjendur í 468 íbúðum sem voru með meira en kr. 200.000 í ógreidda leigu.

Leigjendum er gefinn rúmur tími áður en mál eru send til innheimtu eða fjórar vikur frá eindaga. Í millitíðinni er send innheimtuviðvörðun í nafni Félagsbústaða. Í samræmi við gildandi verklag milli Félagsbústaða og velferðarsviðs frá árinu 2021 upplýsa Félagsbústaðir viðkomandi miðstöð þegar leigjanda er send greiðsluáskorun. Húsnæðisfulltrúi kemur þeim upplýsingum til félagsráðgjafa, forstöðumanns og annarra sem sinna stuðningi við leigjandann.

Í þeim tilvikum þar sem vanskilin eru orðin alvarleg er náið samstarf á milli Félagsbústaða annars vegar og hins vegar þeirra sem veita stuðning, t. d forstöðumenn, félagsráðgjafar, fjárhaldsmenn, aðstandendur o.s.frv. Á síðastliðnum fjórum árum hefur enginn leigjandi í sambýli eða íbúðakjarna fyrir fatlað fólk misst húsnæði sitt vegna vanskila.

Kröfurnar sjást í heimabanka, allt þar til að mál færast úr milliinnheimtu hjá Motus og yfir í lögræðiinnheimtu. Verklagið frá 2021 hefur gefið góða raun og síðastliðin misseri hefur upplýsingagjöf verið aukin með þeim hætti að Félagsbústaðir senda lista yfir skuldastöðu til forstöðumanna einu sinni í mánuði í þeim úrræðum þar sem vanskil hafa verið vandamál. Þannig geta stuðningsaðilarnir verið fljótir að grípa inn í ef þess er þörf.



**Reykjavík**



Í hópi fatlaðs fólks sem leigir hjá Félagsbústöðum eru 4-5 leigjendur sem eru komnir á það stig að eiga í verulegum vanskilum. Stuðningsaðilar eru meðvitaðir um vandamálið í öllum tilvikum en þau hafa takmörkuð úrræði ef leigjandinn er ekki sjálfur viljugur að greiða leigu. Oft felst lausnin í að viðkomandi sé útvegaður fjárhaldsmaður.

Fylgiskjal: Verklag vegna húsreglnabrota, skulda o.fl.



**Reykjavík**